

Umsögn Slökkviliðsstjóra Brunavarna

Sæll Þórður.

Í fljótu bragði þá vantar þó nokkuð upp á upplýsingar varðandi olúgeyminn og staðsetninguna á honum.

Í fljótu bragði:

Staðsetning nærri húsnæði. Uppfyllir tankur eða húsnæði kröfur um brunavarnir miðað við núverandi staðsetningu? Uppfyllir núverandi staðsetning kröfur í byggingarreglugerð og á sérstaklega gr. 9.6.4?

Ég get ekki séð út úr þeim gögnum sem fylgja umsókninni að þær (upplýsingarnar) uppfylli þær kröfur sem setta eru fram í [reglugerð 884/2017](#) um varnir gegn olúmengun frá starfsemi á landi. Samkvæmt gr. 4 í reglugerðinni um starfsleyfi: *Útgáfa starfsleyfis fyrir rekstri olíumannvirkja er í höndum Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga samkvæmt reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.*

Ég get ekki séð annað en RARIK verði að sækja um starfsleyfi fyrir olútankinn, hvort sem hann er til bráðabirgða eða ekki. Við sjáum hvernig fór við Vesturbraut 15. Þeir þurfa að koma með allar þær upplýsingar og teikningar sem viðeigandi reglugerðir segja til um.

Kveðja

Ívar Örn Þórðarson

Slökkviliðsstjóri Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda.